

Nd.

527. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Eitt meginmarkmið með endurskoðun sveitarstjórnarlaga, sem hófst á árinu 1981, var að vinna að eflingu og stækkun sveitarfélaga en það er forsenda þess að þeim sé fært að takast á við fleiri og stærri verkefni og unnt sé að auka sjálfsstjórn þeirra og fela þeim sem víðtækast ákvörðunar- og fjármálavald.

Það er skoðun 1. minni hl. að þótt í frumvarpinu sé að finna ýmsar endurbætur á núverandi löggjöf gangi það allt of skammt og muni ekki ná þeim markmiðum sem að var stefnt með endurskoðun laganna.

Alþýðuflokkurinn telur brýnt að gerð verði róttæk uppstokkun á stjórnkerfi sveitarstjórnarmála með nýskipan byggðamála. 1. minni hl. mun því nú við afgreiðslu frumvarpsins leggja fram breytingartillögur en með samþykkt þeirra yrði veigamikil skref stigið til að ná þeim markmiðum.

Þessar tillögur fela í sér eftirfarandi:

1. Að lögboðin verði stækkun sveitarfélaganna með nýjum ákvæðum um lágmarksíbúafjölda þeirra. Lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi verði 400 nema í algjörum undantekningartilvikum þegar landfræðileg sérstaða kallar á aðra skipan.
2. Að félagsmálaráðherra skipi nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli og frumvarp þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi veturinn 1988–89. Við það skal miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra og að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins eða sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting liggja fyrir milli stjórnsýslustiga og tryggt að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Ljóst er að fámennustu sveitarfélögin hafa ekki það bolmagn sem þarf til að ráða við þau mörgu verkefni sem íbúarnir gera kröfu til að sveitarfélagið annist. Þegar þessi verkefni eru ekki leyst af hendi leita margir íbúanna burt og vangeta sveitarfélagsins eykst. 400 manna sveitarfélag, sem hér er lagt til að lögboðið verði sem lágmark, hefur talsverða getu til átaka í framfarumálum byggðarinnar og skapar forsendu fyrir því að færa aukin völd, verkefni og áhrif til sveitarfélaganna.

Jafnframt því að stækka sveitarfélögin þarf að lögþjóða samstarf þeirra á héraðsgrundvelli. Má minna á tillögur endurskoðunarnefndarinnar um ný sveitarstjórnarlög og sérálit fulltrúa Alþýðuflokks og Alþýðubandalags í þeirri nefnd um beina kosningu til héraðsnefnda. Slíkar stjórnsýslueiningar hafa verið nefndar þing, ömt eða fylki og hugmyndin hefur verið að fá þeim í hendur ýmis verkefni sem leysa verður í héraði, svo sem heilbrigðismál, mál framhaldsskóla, svæðaskipulag, almannavarnir, atvinnumál og menningarmál. Að undanförunu hefur hugmyndinni um slíkt millistig í stjórnsýslunni — þriðja stjórnsýslustigið — vaxið fylgi og vart hefur orðið áhuga á henni víðs vegar um landið og fer það saman við vaxandi óánægju með aukna miðstýringu í Reykjavík. Má m.a. benda á að tillögur hafa verið gerðar um endurskipulagningu á stjórnsýslu ríkisins á þann hátt að hluti af því úrskurðarvaldi og afgreiðslustörfum, sem nú eru falin ráðuneytum, verði færður til umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héruðum.

Þó að þriðja stjórnsýslustigið kosti eitthvað í rekstri getur það líka sparað mikla fjármuni með bættri nýtingu á stofnunum og ýmiss konar rekstri í héraði.

Meiri hl. félagsmálanefndar leggur til að kaflinn um lögbundið samstarf sveitarfélaga í frumvarpinu falli niður. Alþýðuflokkurinn taldi kaflann að vísu gallaðan en hefði viljað gera

við hann breytingartillögur um fækkun héraða, beinar kosningar til héraðsstjórnar og aukin verkefni þeirra frá því sem er í frumvarpinu.

Meirihlutavilji virðist þó ekki vera á Alþingi fyrir svo mikilvægri breytingu og einsýnt að samkomulag getur ekki tekist um aðra viðunandi skipan á stjórn héraðanna að þessu sinni. 1. minni hl. vill þó freista þess að flytja breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að með ákvæði til bráðabirgða verði sérstakri nefnd falið að semja tillögur um þetta efni og skila álitni nægilega tímanlega til þess að Alþingi geti sett lög um héraðsstjórn sem taki gildi við upphaf þess kjörtímabils sveitarstjórna sem hefst árið 1990.

Á það verður einnig að leggja megináherslu að fyrir liggja skýr verka- og tekjuskipting milli stjórnsýslustiga. Áherslu ber enn fremur að leggja á að fækkað verði sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga og verkefni færð í auknum mæli til hinna nýju stjórnsýslueininga — samfara því að tryggt verði að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Það er skoðun 1. minni hl. að náist samstaða um slíkt ákvæði til bráðabirgða sé veigamikilið skref stigið til að efla og styrkja sjálfsstjórn landsbyggðarinnar.

Alþingi, 19. febr. 1986.

Jóhanna Sigurðardóttir.